

# Skólaráð Hörðuvallaskóla

## 7. fundur skólaársins 2017-2018, haldinn 12. apríl 2018

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Edda Kjartansdóttir, Þórunn Jónasdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Marta Kristín Sigurjónsdóttir, Linda Hilmarsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Alma Ernstdóttir, Unnur Helga Óttarsdóttir.

Fulltrúar nemenda: Margrét Eva Backman, Guðmundur Daníel Erlendsson.

Dagskrá og afgreiðslur:

### **1. Húsnæðismál / lóðamál**

Farið yfir stöðuna á húsnæðismálum og lóðamálum fyrir næsta vetur. Hafin er vinna við lóð í Baugakór, þ.e. uppsetningu á rólum og skiptum á undirlagi við leiktæki. Þessi vinna klárast fljótlega. Í sumar verður svo unnið að uppsetningu körfuboltavallar, sett slönguspil á lóðina o.fl.

Skoðaðar teikningar vegna fyrirhugaðs flutning á bókasafninu í Baugakór, hönnun er í raun langt komin en unnið að útfærslum. Varðandi fjölgun á kennslustofum í Vallakór er komin upp nokkur óvissa með staðsetningu þeirra en unnið að lausn á málinu.

### **2. Skólareglur**

Farið yfir nýjar skólareglur sem unnar voru í vetur með aðkomu nemenda. Skólaráð samþykkir reglurnar fyrir sitt leyti. Eftir er að endurskoða viðmið um viðbrögð ef misbrestur er á skólasókn en í gangi er vinna hjá menntasviði og velferðarsviði bæjarins um sameiginleg viðmið fyrir skóla bæjarins vegna þess.

### **3. Stundaskrárramma næsta skólaárs**

Rætt um stundaskrárramma fyrir næsta skólaár. Gengið út frá sömu tímasetningum á stundaskrárrammanum. Breytingar verða hvað varðar sund og íþróttir en 3.-4. bekkur mun sækja sundkennslu í Boðarþingi. Það rýmkast einnig um íþróttahúsið en Vatnsendaskóli mun hætta notkun á því með tilkomu nýja hússins þar. Knatt húsið verður því nýtt minna en horft til þess að sem allra mest af íþróttakennslunni fari að jafnaði fram í íþróttasalnum. Umræður um fyrirkomulag vinnustunda á unglingastigi en uppi hafa verið hugmyndir um endurskoðun á þann hátt að draga nokkuð úr vægi vinnustundanna. Fulltrúar nemenda lýstu yfir ánægju með fyrirkomulagið, stefnt að því að meta með rýnihópi nemenda og einnig með umræðum í nemendaráði. Unnið er að ráðningum kennara fyrir næsta vetur og ágætt útlit með það mál.

### **4. Uppstokkun bekkja - samráð um upplýsingar til foreldra**

Rætt um fyrirkomulag á uppstokkun bekkja en stefnt er að uppstokkun í núverandi 2. bekk, 4. bekk og 7. bekk. Skólastjóri mun innan skamms senda upplýsingar um málið til foreldra ásamt áætlun um uppstokkun fyrir næstu árin. Stungið upp á og ákveðið að bjóða upp á kynningar- / umræðufund vegna málsins.

### **5. Önnur mál**

- a. Samræmd próf - greint frá því að boðið verður upp á endurtöku á íslensku- og enskuprófi í vor.
- b. Göngum í skólann. Ákveðið að finna dagsetningu og starta átaki síðar í mánuðinum með svipuðum hætti og sl. vor.

Næsti fundur áformaður 24. maí en verður boðaður með viku fyrirvara.